



Reykjavík 02.02.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 1. febrúar 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Lækjargata 10 og 12, Vonarstræti 4-4b og Skólalbrú 2

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar, dags. 11. janúar 2017, þar sem ekki er gerð athugasemd við birtingu auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda en bent er á að áður þurfi að lagfæra og/eða skýra atriði á kortablaði 2/4. Einnig lagður fram uppdráttur Glámu-Kím dags. 15. september 2016 síðast breytt 27. janúar 2017.

Samþykkt.


Vísað í borgarráð.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjal: bréf Skipulagsstofnunar, dags. 11. janúar 2017 og uppdráttur Glámu-Kím dags. 15. september 2016 síðast breytt 27. janúar 2017.

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið
Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

 Reykjavíkurborg Skipulagsfulltrúi		
Mótt.	16. JAN. 2017	<i>Ann</i> sign
Skjaln.		Ábm.

Reykjavík, 11. janúar 2017
Tilvísun: 201612082 / 3.5

Efni: Breyting á deiliskipulagi Kvosarinnar. Lækjargata-Vonarstræti-Skólabrú, Reykjavíkurborg.

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið hefur, með erindi dags. 27. des. 2017, sent Skipulagsstofnun breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar, Lækjargata-Vonarstræti-Skólabrú til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 18. nóv. 2016. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt með breytingum í borgarráði þann 22. des. 2016 ásamt umsögn um framkomnar athugasemdir, dags. 9. des. 2016.

Deiliskipulagsbreytingin felst í nokkrum minniháttar breytingum á byggingarmassa svæðisins, en síðasta breyting á deiliskipulaginu var samþykkt 2008. Skilmálar um form og gerð áætlaðra bygginga eru hinsvegar miklu ítarlegri en áður var. Fyrir liggur samkomulag milli Reykjavíkurborgar og Minjastofnunar Íslands um varðveislu fornminja sem eru innan skipulagsreitsins.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á fjórum kortblöðum í A1 og á þeim er sýnt upphaflegt og gildandi deiliskipulag í mkv. 1:500 auk götummynda og greinargerðar, breyting á gildandi deiliskipulagi ásamt götu-, snið- og skýringarmyndum í mkv. 1:500 auk greinargerðar og úttekt á skuggavarpri er á mynd 4/4.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda en bendir á að áður þarf að lagfæra og/ eða skýra eftirfarandi atriði á kortblaði 2/4. Senda þarf stofnuninni lagfærð gögn til vörslu.

- Byggingarreitur kjallara þarf að sjást á deiliskipulagsupprættinum.
- Á upprætti og í sérskilmálum segir að heimild sé fyrir inndregnum þaksvölum meðfram Lækjargötu og Vonarstræti á allt að 79% veggflatar. Inndregnar þaksvölur eru sýndar á skilmálasneiðingum og skýringarmyndum og geta skipt máli fyrir þessar götummyndir. Því þarf að koma skýrar fram hvort einungis sé um heimildarákvæði að ræða sbr. sérskilmála, eða hvort þaksvölur skuli gerðar á viðkomandi húsum.


Málfríður K. Kristiansen